

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 218. FUNDUR.

218. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 20. júní árið 2013 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá sem 5. lið viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2013. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerðir nefnda:

#### **Fundargerðir byggðarráðs. Varaformaður byggðarráðs kynnti.**

**Fundargerð 794. fundar** frá 18. júní s.l. Fundargerð í 9 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 6. lið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela skólustjóra að leita tilboða í skólaakstur á Vatnsnesi / leið 6, skólaárin 2013/2014 og 2014/2015 á grundvelli framlagðra útboðsgagna. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 8. lið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fara í framkvæmdir við viðhaldsdýpkun við norðurgarð Hvammstangahafnar sbr. viðauka við fjárhagsáætlun 2013. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

### 2. Fjallskilasamþykkt fyrir Húnaþing vestra. Síðari umræða.

Lögð fram eftirfarandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða fjallskilasamþykkt fyrir Húnaþing vestra og felur sveitarstjóra að senda samþykktina til staðfestingar ráðherra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Í tengslum við framangreinda afgreiðslu var lagt fram erindi Gunnars Þórarinssonar og Matthildar Hjálmarsdóttur, þar sem sveitarstjórn er hvött til að fresta afgreiðslu samþykktarinnar. Í ljósi framangreinds erindis, samþykkir Sveitarstjórn Húnaþings vestra að vísa ábendingu um nánari skoðun á 10. grein fjallskilasamþykktar til skoðunar landbúnaðarráðs. Samþykkt með 7 atkvæðum.

### 3. Samþykkt um búfjárhald í Húnaþingi vestra. Síðari umræða.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða samþykkt um búfjárhald í Húnaþingi vestra og felur sveitarstjóra að senda samþykktina til staðfestingar ráðherra.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### 4. Brunavarnaráætlun Húnaþings vestra 2013-2017. Síðari umræða.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða brunavarnaráætlun Húnaþings vestra 2013-2017 og felur sveitarstjóra að senda áætlunina til staðfestingar Mannvirkjastofnunar. Í

tengslum við afgreiðslu áætlunarinnar samþykkir sveitarstjórn að ráðast í gerð almennrar stjórnsýsluúttektar á Brunavörnum Húnaþings vestra og skulu niðurstöður þeirrar úttektar liggja fyrir eigi síðar en 1. október nk.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

#### 5. Viðauki við fjárhagsáætlun.

Lögð fram eftirfarandi tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2013.

“ Hafnarsjóður eignfærð fjárfesting. Dýpkun við norðurgarð hafnarinnar kr. 5.000.000, hlutur Siglingastofnunar í framkvæmdunum er kr. 3.000.000 og hlutur hafnarinnar kr. 2.000.000. Kostnaði verði mætt með lækkun á handbæru fé..

Rekstur Íbúða aldraðra verði færður undir félagslegar leiguíbúðir

Kostnaður vegna heilbrigðiseftirlits verði færður af deild 0322 á deild 0811“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

#### 6. Sumarleyfi sveitarstjórnar.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar í júlí og ágúst. Næsti fundur verður haldinn þann 12. september nk.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 16:17

\_\_\_\_\_  
Leó Örn Þorleifsson.

\_\_\_\_\_  
Stefán Einar Böðvarsson.

\_\_\_\_\_  
Gunnar Þorgeirsson.

\_\_\_\_\_  
Elín Jóna Rósinberg.

\_\_\_\_\_  
Ragnar Smári Helgason.

\_\_\_\_\_  
Gunnar Þorgeirsson.

\_\_\_\_\_  
Elín R. Líndal.

\_\_\_\_\_  
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

\_\_\_\_\_  
Sigurbjörg Jóhannesdóttir

\_\_\_\_\_  
Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri  
fjármála- og stjórnsýslusviðs.